

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 17. nóvember 2022
UST202210-217/B.S.
10.04.02

Efni: Breyting. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 - 2020 - vegur yfir Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur. Umsögn

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 25. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Lagðir eru fram tveir valkostir, annars vegar veglína F sem liggur með hlíð Meðalnesfjalls og fer fram af klettabelti niður í Búðavík þar sem klettarnir eru hæstir. Til að unnt sé að ná þarna ásættanlegum langhalla á veginum og upphefja hæðarmun þarf að taka miklar skeringar og leggja veginn á háum fyllingum. Umhverfisstofnun hefur talið að rask sem óhjákvæmilega mun fylgja vegagerð á þessum stað samræmist ekki verndarskilmálum friðlýsts svæðis við Dynjanda.

Hins vegar veglína D, sem fylgir betur núverandi vegi og fer fram af klettabelti niður í Búðavog á staða þar sem klettur eru umtalsvert lægri en á leið F og unnt er að komast af með minni skeringar og fyllingar og því munu neikvæð áhrif á landslag verða minni vegna minni hæðarmunar frá klettum niður í Búðavík. Því telur Umhverfisstofnun að veglína D falli betur að verndarskilmálum svæðisins og ætti því að leggja Vestfjarðaveg skv. veglínu D.

Umhverfisstofnun vill benda á að nokkur óvissa virðist vera um afmörkun friðlýsta svæðisins við Dynjanda en kort sem sýnir mörk hins friðlýsta svæðis má finna [hér](#).

Jákvætt er að setja skilyrði um að aflagðir vegakaflar verði afmáðir. Einstaklega góð dæmi um þetta má sjá í frágangi á aflögðum hlutum Bíldudalsvegar við Helluskarð á Dynjandisheiði. Þessi vinnubröð ættu að vera fyrirmynd sambærilegra aðgerða á Vestfjarðavegi. Varðandi aflagðan veg um Meðalnes eru ákveðin vandkvæði við af afmá veginn þar sem rafstrengur var lagður í veginn. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skoða með Orkubúi Vestfjarða hvort mögulegt sé að færa strenginn eða leggja hann að nýju frá endurvarpi inn í Búðavík þannig að unnt verði að draga veginn upp í sneiðinginn. Að mati Umhverfisstofnunar er lítil þryði af sneiðingnum og væri til bóta ef unnt væri að fella hann að hlíðinni.

Hafa skal samráð við sérfræðing Umhverfisstofnunar á svæðinu um meðferð svarðlags og hvort það gæti nýst betur á aflögðum vegaköflum en í skeringum. Ef nota á svarðlag í skeringum verður að gæta þess að skeringarflái sé ekki það brattur að erfitt geti verið að koma gróðurtorfum fyrir auk þess sem meiri hætta verður á úrrennsli.

Leggja þarf nýjan veg frá Vestfjarðavegi að bílastæði við Dynjanda. Skoða þarf hvort unnt sé að bæta brú við bílastæði en núverandi vegur og brú eru vart samboðin jafn fjölsóttum og fallegum áfangastað ferðamanna.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur